

**Efnasamsetning vatnssýnis úr volgru á
Hleiðargarði, Eyjafirði**

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-87-11

Efnasamsetning vatnssýnis úr volgru á Hleiðargarði, Eyjafirði.

Tekið var sýni af vatni úr volgru við Hleiðargarð þ. 16. mars s.l. Niðurstöður efnagreiningarinnar eru á töflunni hér að neðan.

dagsetn.	870316	690911
t °C	16	16
pH/°C	9,92/19	9,92/24
SiO ₂	64,9	64,0
Na	48,5	45,0
K	0,67	0,78
Ca	2,98	2,57
Mg	0,039	0,03
CO ₂	23,2	26,0
SO ₄	16,9	17,3
H ₂ S	<0,03	<0,1
Cl	20,1	21,0
F	0,72	0,6
Uppl.	193	196

Til er efnagreining á vatni úr þessari volgru frá 1969 og hún tekin með í töflunni til samanburðar. Eins og sjá má eru efnagreiningarnar nánast eins og sá litli munur sem fram kemur er innan skekkjumarka viðkomandi greiningaraðferða.

Útreiknað djúphitastig er 50-55°C fyrir kalsedon og alkalifeldspata efnahitamæla. Ber þessu tvennu vel saman í nýrra sýninu en ekki eins vel í því eldra og gæti það stafað af mismun í mæliaðferð á alkali-málmunum.

Ekkert bendir því til að heitara vatn en 55°C sé að hafa á meira dýpi þarna.

Vatnið er að efnasamsetningu dæmigert fyrir jarðhitavatn í Eyjafirði; hátt sýrustig og lágur heildarstyrkur uppleystra efna.